

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 11.00

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri, Ólafur Baldursson ritari, Ragnar Marteinnsson, Heimir Örn Sveinsson, Ingi Þór Ágústsson, Karen Malmquist í fjarsambandi, Hólmgæir Reynisson og Ingigerður Einarsdóttir framkvæmdastjóri SSÍ.

Fjarverandi: Jón Oddur Sigurðsson, Jónas Tryggvason og Emil Örn Harðarson starfsmaður SSÍ.

Fundur settur kl. 11:30

Dagskrá

1. Fundargerð Framkvæmdaráðs 24.03.2011

- a. Starfsmannamál
 - i. Varaformaður og gjaldkeri ganga frá samningi vegna starfsmanns á skrifstofu
 - ii. Formaður og framkvæmdastjóri ganga frá verklýsingu Umsjónarmanns landsliða í samráði við hann
 - iii. Formaður og varaformaður yfirfara verklýsingu framkvæmdastjóra í samráði við hana
 - iv. Reynt verður að fá starfsmann á vegum Vinnuálastofnunar í atvinnuátaki
 - v. Formanni og gjaldkera falið að koma skikki á greiðslum til Umsjónarmanns landsliða
- b. Fjármál
 - i. Staðan á bifreið SSÍ
 - Framkvæmdaráð leitar leiða til að lækka mánaðarlegar greiðslur
 - Ekki þykir ráðlegt að selja bifreiðina að svo stöðu
 - ii. Fjáröflun
 - Framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Jón Oddur vinna upplýsinga- og kynningaefni sem hægt er að nota við fjáröflun
 - Starfsmanni á skrifstofu falið að vinna nafnalista úr gömlum ársskýrslum og þinggerðum
 - iii. Samstarf við Kiwanishreyfinguna
 - Starfsmaður á skrifstofu og stjórnarmaður Jón Oddur hafa unnið í þeim málum
 - Formaður sendir bréf til forsvarsmanna sveitarfélaga og sundstaða kringum landið og kynnis verkefnið
 - iv. Tillaga að stofnun uppbyggingar- og styrktarsjóðs SSÍ
 - Framkvæmdaráð vinnur áfram að málinu
- c. Óafgreidd bréf
- d. Kjörnefnd
 - Fulltrúi stjórnar
 - ✓ Hlín Ástþórsdóttir
 - Aðrir í nefnd
 - ✓ Framkvæmdaráð mun skipa tvo til viðbótar á næsta fundi sínum
 - ✓ Varaformaður gerir tillögu
- e. Atburðadagatal SSÍ
 - i. Landsliðsnefnd falið að ganga frá tillögu að atburðadagatali fyrir 15 maí
 - ii. Framkvæmdastjóra falið að fylgja því eftir við nefndina
- f. NSF
 - i. Stjórnarfundur og þing NSF í byrjun maí
 - Endanleg dagskrá ekki tilbúin og tillögur liggja ekki fyrir
 - Nauðsynlegt að tengja Umsjónarmann landsliða við landsliðsþjálfara hinna norðurlandanna – varaformaður gengur í málið
- g. LEN
 - i. LEN þing í maí
 - Formaður og varaformaður funda með framkvæmdastjóra til að koma lokaundirbúningi í gang
- h. FINA
 - i. Lögleg mót á Íslandi vegna Ólympíuleika
 - Framkvæmdastjóri og framkvæmdaráð gæta þess að sækja um löggildingu móta til FINA í tíma og gæta þess að íslensk mót séu á mótadagskrá FINA
 - ii. FINA þing í júlí
 - Formaður sækir þingið
- i. Sundþing
 - i. Þinggerð 59. Sundþings
 - Er á lokastigum
 - Verður birt á heimasíðu SSÍ
 - ii. Samþykkt: „Til að íþróttamenn nái árangri á alþjóðlegum vettvangi þarf iðjusemi og kraft en ekki síður þarf að vera til staðar fjárhagslegt bolmagn þannig að afreksíþróttamenn geti óhindrað komið sér á stall meðal fremstu íþróttamanna heims á sínu sviði. Margir afreksíþróttamenn hafa lagt sína íþrótt fyrir sig sem lífstífl. Í febrúar 2011 var 190 listamönnum úthlutað tæpum 403 milljónum í listamannalaun. Þar af voru 33 listamenn að fá listamannalaun upp á 274.730 kr. á mánuði í eitt til tvö ár. Til samanburðar voru í janúar 2011 55 milljónum úthlutað úr afrekssjóð ÍSÍ. Þar af var afrekstyrkur til 16 afreksmanna í íþróttum samtals 13,5 milljónir. Það er ljóst að gríðarlegt mismæmi er á milli styrkveitinga til listamanna og íþróttamanna og fer sundþing fram á það að SSÍ beiti sér fyrir því að koma því

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 11.00

á framfæri við ÍSÍ og stjórnvöld að þessi mismunun verði jöfnuð á þann hátt að afreksíþróttamenn á Íslandi njóti sömu kjara og afrekslistamenn.“

- ✓ Framkvæmdaráð formgerir tillögu fyrir Íþróttáþing
- ✓ Framkvæmdaráð sendir ályktun á fjölmiðla

Formaður SSÍ hefur unnið í málinu í samráði við framkvæmdastjóra ÍSÍ. Fulltrúar SSÍ munu styðja framkomna tillögu um málið á Íþróttáþingi. Framkvæmdaráð hefur sent fjölmiðlum ofangreindar upplýsingar.

- j. Íþróttáþing**
- i. Fulltrúar SSÍ á Íþróttáþingi
 - **Hörður J. Oddfríðarson, Hlín Ástþórsdóttir og Ingi Þór Ágústsson** verða aðalfulltrúar SSÍ á þinginu. **Ólafur Baldursson og Bjarney Snævarsdóttir** verða varafulltrúar.
 - ii. Tilnefningar í stjórn ÍSÍ
 - **Þingfulltrúar SSÍ mun styðja framboð Gústafs Adólfs Hjaltasonar í framkvæmdastjórn ÍSÍ**
 - iii. Tillögur til að leggja fyrir Íþróttáþing
 - **Þingfulltrúar SSÍ munu leggja fram tillögu um breytt fyrirkomulag á kosningu framkvæmdastjórnar ÍSÍ fáist það í gegn**
- k. Landsliðsverkefni**
- i. HM50 í Kína 16. – 31. júlí 2011
 - **Rætt verður við Önnu Láru Ármannsdóttur sjúkrapjálfa** með fyrirvara um fjölda sundfólks í verkefninu
 - ii. EYOF í Tyrklandi 24. – 29. ágúst 2011
 - **Sótt hefur verið um að senda dómara á leikana**
 - iii. Smáþjóðaleikar í Liechtenstein 28. maí – 5. júní 2011
 - **Gústaf Adólf Hjaltason og Ólafur Baldursson** verða dómara á leikumum
- l. Íslandsmót**
- i. ÍM 25 2011
 - **Framkvæmdastjóri falið að senda fyrirspurn um gístaðstöðu til SRR, SH og ÍRB**
 - ii. Íslandsmót í 5 km sundi
 - **Reglugerð er í vinnslu hjá stjórnarmanni Heimi Erni Sveinssyni**
- m. Önnur mót**
- i. AMÍ á Akureyri 23. – 26. júní 2011
 - **Ritari SSÍ er fulltrúi SSÍ á aðalfundi Óðins og mun undirrita samning um mótið við félagið við það tækifæri**
 - ii. Bikarameistaramót SSÍ 16. – 17. desember 2011
 - **Tillaga um að setja á afmælistamót SSÍ árið 2011 þannig að bikarkeppni væri ekki tvisvar sinnum sama árið**
- n. Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ**
- i. Varaformaður verður í sambandi við Afrekssvið ÍSÍ vegna samninga við SSÍ
- o. Fararstjórnámskeið**
- i. Verður haldið í upphafi nýs sundárs ekki síðar en um miðjan september
 - ii. Formannafundur SSÍ að hausti verður haldinn í tengslum við námskeiðið
- p. Önnur mál**
- i. Einelti í sundi
 - **Landsliðsmanneskja í sundi lýsti alvarlegum atvikum tengdum landsliðsferð á EM50 árið 2004 í útvarpsviðtali**
 - **Framkvæmdaráð tekur málin mjög alvarlega**
 - **Formanni falið að safna gögnum og hefja úrvinnslu mála gagnvart þeim sem um ræðir**
 - **Framkvæmdaráð mun upplýsa ÍSÍ um málið og leita samstarfs við fagteymi ÍSÍ við lausn mála**
 - **Framkvæmdaráð skilar stjórn SSÍ skýrslu þegar þessari vinnu er lokið**
 - ii. Kanna þarf með styrki frá LEN vegna uppbyggingar sundíþróttar
 - **Varaformaður verður í sambandi við LEN, kannar möguleika og upplýsir framkvæmdaráð á næsta fundi**

2. Skýrslur nefnda

- a. Sundíþróttanefnd – garpar**
- i. Nefnd hittist á ÍM50
- b. Sundíþróttanefnd – víða-vatns-sund**
- i. Sundþing og verkefni frá SSÍ -> Erindisbréf Sundíþróttarnefndar Víðavatnssund. Gjald vegna víðavatnssunda -> 2000 kr. Heimir greinir frá því að Árni er orðin formaður og hann sjálfur kominn inn í stjórn SSÍ.
 - **Tillaga frá víða-vatns-sundnefnd um að gjald fyrir skráningu á sundleiðum verði kr. 2000.**

Samþykkt
 - ii. 5 km sundmót 8. maí og Open Water Olympic Swimming in Iceland (Virkjun á ungu og efnilegu keppnisfólki í Víðavatnssundi) -> Árni og Heimir kynntu hvað fór fram á fundum með Vadim, Klaus og Jackie Pelerin. Það þarf að þæla í kælingu laugar.

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 11.00

- Tillaga um úrtökumót í 5 km sundi þann 8. maí. Það mót, Íslandsmótið í OW og svo EMU OW verði þriggja móta OW pakki. Keppnisréttur á EMU ræðst af úrslitum í 5 km sundi. Stjórnarmaður Heimir ásamt ritara og formanni SSÍ setja saman reglugerð um mótið í umboði stjórnar.

Samþykkt

- iii. Endurbættur netbæklingur í Viðavatnssundum. -> Sýndur
- iv. Íslandsmót 2011. Staða mál og farið yfir verkefnalista. -> Openwaterswimming.eu löguð áherslu á vinninga. Tékka á Securitas, sundhettur og bolir sérmerktu mótinu. Ætluð á fund með Rvk maraþon en hann forfallaðist. Hafa tígul. Hafa þul, Adolf Ingi. Þarf að halda vinnufund vegna Íslandsmót. 2012 stefnt á 26. Júlí.
- v. Önnur mál

c. Sundíþróttanefnd – dýfingar

d. Sundíþróttanefnd – sundknattleikur 23.03.2011

- a) Tímasetning Íslandsmeistaramóts
 - Tillaga um að færa mótið frá 7. – 8. Maí til 21.-22. Maí.
 - Sent til stjórnar SSÍ til samþykktar.

Samþykkt

- b) Fjöldi leikja á Íslandsmeistaramóti
 - Auka fjölda leikja úr einum í þrjá. Einn á laugardegi – tveir á sunnudegi. Liðið sem vinnur flesta leiki verður Íslandsmeistari 2011
 - Samþykkt af WPnefnd – sent til stjórnar SSÍ til samþykktar

Samþykkt

- c) Dómarar/dómaranámskeið
 - Tillaga að fá erlenda dómara til að halda dómaranámskeið og dæma leiki.
 - Fá sama dómara til að koma ári seinna og sjá þróun dómara
 - Sent til Stjórnar SSÍ

Samþykkt – framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Hólmgeir ganga frá málum.

Möguleiki að fá danskan dómara til að kenna hér í apríl.

- d) Önnur mál
 - Fina/Len hafa hjálpað við þróun og uppbyggingu sundíþróttar, tillaga um að senda fyrirspurn um aðstoð við uppbyggingu Sundknattleiks á Íslandi. – Sent til stjórnar SSÍ
 - Almenn umræða um uppbyggingu sundknattleiks á Íslandi – m.a. hjálpa sundliðum að stofa sundknattleikslið – í kjölfarið stofna keppnisdeild

Sundknattleikur og Viða-vatns-sund vinna saman í að koma á sambandi við LEN/FINA

e. Sundíþróttanefnd – sundfimi

f. Sundíþróttanefnd – almenningssund

g. Sundíþróttanefnd – skólasund

h. Kjörnefnd

i. Dómara-, móta- og tækninefnd 01.03.2011

- i. Rætt var í hvaða farvegi Bikarkeppnin væri en ennþá vantar dómara á mótið.
- ii. Talað var um að setja saman endurmenntunarnámskeið sem leiðbeinendur og dómaranefnd setji saman vegna breytinga á FINA. Talað var um að nefndin hitti þá leiðbeinendur (Björn Valdimarsson, Söruh Buckley, Gústaf A. Hjaltason, Ólaf Baldursson, Örn Ólafsson og Klemenz Sæmundsson).
- iii. ÍBV vantar námskeið í sambandi við sundmót. Rætt var að yfirdómari og ræsis fari á mótið og kenni á einu kvöldi og hafa svo verklega kennslu daginn eftir. Ólafur setur sig í samband við ÍBV.
- iv. Dómaranefnd þarf að setjast yfir þau mót sem möguleiki er að senda dómara á erlendis. Gústaf A. Hjaltason er næstur á lista og eini sem eftir er á eldri listanum. Ólafur ætlar að senda okkur tölvupóst vegna þessa.
- v. Dómaranefnd er með fjóra í nefndinni núna og rætt var að það þyrfti að fá einn til viðbótar. Ólafur talaði um að gera þyrfti nefndina sjálfstæðari. Kjósa þurfi formann sem boðar til funda. Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Steinunn Rósa Einarsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir eru í nefndinni núna ásamt Ragnhildi Guðjónsdóttur sem er í tæknihlutanum. Birna Björnsdóttir hefur sagt sig úr nefndinni.
- vi. Rætt var að hafa fundi síðasta miðvikudag í mánuði svo fundargerð geti farið á næsta stjórnafund á eftir. Næsti fundur yrði skv. því miðvikudaginn 30. mars n.k.

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 11.00

j. Dómara-, móta- og tækninefnd 30.03.2011

- i. Rætt var að kvitta þurfi fyrir hvern hluta á sundmótum. Ótækt er að yfirdómari, ræsis og yfirtímavörður á síðasta hluta móta kvitti fyrir allt mótið þrátt fyrir að vinna kannski bara einn hluta. Óli ætlar að setja þetta upp.

Ritara falið að klára málið

- ii. Talað var um að Elías væri dómari í Vestmannaeyjum. Meirihluti nefndarinnar fannst ekki rétt að Elías dæmði nema að hann færi aftur á lista. Óli ætlar að ræða það við Elías að skrá sig aftur á listann. Elías mun dæma á umræddu móti þar sem hann hefur alla burði til að sinna því verki vel líkt og allir voru sammála um. Skerpa þarf á reglum varðandi svona mál svo ekki komi annað á eftir.

Ritara falið að klára málið

- iii. Rætt var að austfirskir dómara fái ekki nógu mörg mót til að geta haldið réttindum sínum. Athuga þarf hvað hægt er að gera varðandi það. Óli talaði um að SSÍ myndi jafnvel halda mót fyrir Austfirðinga. Breiðablik hefur beðið um að fá námskeið. Björn bað þá um að athuga áhuga félaga í kringum sig og skila svo inn ósk um námskeið.

Ritara falið að klára málið

- iv. Ragga og Gummi sjá um tæknimálin á ÍM50 á miðvikudeginum fyrir mót. Óli, Björn og Steinunn mæta líka til að setja upp. Ólafur verður með endurmenntunarnámskeið á laugardeginum fyrir dómara. Tími ekki komin á það.
- v. Tveir dómara hafa verið valdir til að fara á Smáþjóðaleikana. Gústaf og Ólafur Baldurson fara. Birnu var boðið að fara og kemst ekki því var Ólafur næstur í röðinni.
- vi. Svanhvít er komin í nefndina aftur og var kosin formaður hennar, Björn var valin varaformaður. Rætt var að safna saman dómurum í hádegismat á ÍM50 líkt og var gert áður. Athuga þarf tíma á því eftir að niðurstaða í endurmenntunarnámskeiði er komin.

Stjórn SSÍ skipar Svanhvíti Jóhannsdóttur formann nefndarinnar

k. Aga- og siðanefnd

l. Fræðslu- og kynningarnefnd

- i. *Ríkharður Ríkharðsson kemur inn í nefndina*
- ii. *Nefndin leitar áfram leiða til að stækka sig*

m. Landsliðsnefnd

- i. *Munnleg skýrsla*
- ii. *Stjórnarmaður Ingi Þór vinnur að ramma fyrir landslið í samstarfi við umsjónarmann landsliða*

n. Þjálfararáð

3. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	Dags.mót.:	Tekur gildi:
-------	--------------	-------------	------------	--------------

4. Staðfesting meta

50 metra laug

Íslandsmet konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:17,88	12.03.11	Reykjanesbær
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:17,83	27.03.11	Stokkhólmur

Íslandsmet karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Anton Sveinn McKee	Ægir	08:24,54	27.03.11	Stokkhólmur

Stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	01:05,02	11.03.11	Reykjanesbær
100m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	01:04,81	27.03.11	Stokkhólmur
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:17,88	12.03.11	Reykjanesbær
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:17,83	27.03.11	Stokkhólmur

Drengir

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Arnór Stefánsson	SH	09:27,93	12.03.11	Reykjanesbær

Telpur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m flugsund	Ólöf Edda Eðvarðsdóttir	ÍRB	02:27,40	12.03.11	Reykjanesbær

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 11.00

5. Óafgreidd bréf

Dags:

Efni:

Sent frá

6. ÍM50

Undirbúningur í farvegi og allt í standi. Mótstjóri verður Gústaf Adólf Hjaltason. Ragnheiður Guðjónsdóttir og Guðmundur Jón Bjarnason verða í tæknimálum. DMT sér um að setja upp umhverfi laugarinnar. Stjórnarmenn á staðnum verða, Bjarney verður föstudag og sunnudag, Hlín verður fimmtudegi og sunnudegi. Ólafur verður frá upphafi til loka. Karen verður frá hádegi á föstudegi til loka. Ragnar verður á þriðja hluta, athugar annað. Jónas og Hólmgeir verða við önnur störf. Jón Oddur verður einhverja hluta mótsins. Hörður verður fimmtudag, fyrri hluta föstudags og allan sunnudag. Ritari verður með endurmenntun fyrir dómara kl 14:30 á laugardag.

7. Áfangaskýrsla um einelti

Formaður flytur munnlega skýrslu.

8. LEN-þing í maí

Flestir þátttakendur koma á fimmtudegi til sunnudags. Þingfundurinn sjálfur verður fh á laugardag, en á föstudeginum verða smærri fundir sundgreina.

9. Önnur mál

a. Styrkjamál í hreyfingunni rædd.

b. Bréf frá Jóni Hjaltasyni – heiðurslisti yfirdómara

Formaður gerir tillögu um að SSÍ leiti samstarfs við ÍF um að heiðra minningu Erlings Jóhannssonar.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 13:25